

Kannanir „algjörlega marklausar“

- Stærðfræðiprófessor segir kannanir á kynbundnum launamun hér á landi algjörlega marklausar
- Tölfræðiprófessor við Háskóla Íslands segir mörgum breytubáttum hafa verið sleppt við rannsókn

Andri Steinn Hilmarsson
Elín Margrét Böldvarsdóttir

Engin áreiðanleg gögn sýna fram á að kynbundinn launamunur sé til staðar á Íslandi. Þetta segir Einar Steingrímsson, stærðfræðiprófessor við Strathclyde-háskóla í Skotlandi, í samtali við mbl.is. Hann tekur þó fram að hann haldi því alls ekki fram að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar.

„Allar kannanir stéttarfélagasem ég hef séð síðustu árin eru algjörlega marklausar,“ segir Einar. Svarhlutfall í könnunum sé sjaldan hærra en 50 prósent og því ómögulegt að vita hvort svörin endurspeglji það sem um heildina gildir.

Slá mikla varnagla

Einar segir að meira að segja í vönduðum könnunum Hagstofu Íslands og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hafi „óútskýrði launamunurinn“ verið lítill og þar séu slegnir miklir varnaglar. „Það er útlokað að vera viss um að tekið hafi verið tillit til allra breytna sem skipta máli, auk þess sem hlutlægt mat á framlagi starfsmanna með sambærilega starfslýsingu er nánast ómögulegt,“ útskýrir Einar.

Í nýlegri úttekt velferðarráðuneytisins kemur fram að konur á aldrinum 18 til 27 ára í opinbera geiranum eru að meðaltali með hærri laun en karlar. „Getur verið að baráttan fyrir launajafnrétti milli



Morgunblaðið/RAX

Kynbundinn launamunur Einar Steingrímsson stærðfræðingur segir svarhlutfall í könnunum stéttarfélagasem lágt.

kynja hafi þegar skilað þeim árangri sem hægt er að ná með sérstökum aðgerðum af hálfu opinberra aðila?“ spyr Einar.

Hann kveðst ekki draga það í efa að launamismunur á grundvelli kynferðis þekkist og það komi honum ekki á óvart að oftast halli á konur en karla í slíkum tilfellum. „Slíkt er alltaf ólíkandi og ólöglegt. Nánast allir sem tala um kynbundinn launamun sem staðreynd virðast ganga út frá því að bara halli á konur,“ segir Einar, en svo sé ekki raunin.

Einar segir að munurinn sem haldið er fram að sé til staðar sé það lítilt að það væri „tölfræðilegt kraftaverk“ ef það hallaði alltaf á konur. Veltir hann því upp þeirri spurningu hvort gera megi þá ráð fyrir því að mismunur sem körlum er í óhag verði leiðrétt þar sem „þeir sem fjalla um þessi mál tala allir eins og alltaf halli á konur?“ „Það er vonlaust verk að ætla að leiðrétt meintan mun með almennum aðgerðum þegar ekki er um að ræða kerfisbundna mismunur; það er bara

hægt að leiðrétt mismunurinn gagnvart tilgreindum einstaklingum,“ segir Einar.

Sömu mistökinn margendurtekin

Helgi Tómasson, prófessor í tölfræði við Háskóla Íslands, hefur lengi verið þeirra skoðunar að margt sem sagt hefur verið um kynbundinn launamun sé rangt og hefur hann birt greinar hér á landi og í erlendu tímariti sem fjalla um tölfræði og launamun kynjanna. Segir Helgi að í könnunum og rannsóknum, m.a.



Einar Steingrímsson Helgi Tómasson

þeirri sem Hagstofa Íslands vann fyrir aðgerðahóp um launajafnrétti fyrir velferðarráðuneytið árið 2015, „Launamunur karla og kvenna“, sé ekki tekið tillit til nógu margra þátta.

Í samtali við Morgunblaðið segir Helgi að skýringin á því að óútskýrðan launamun sé að finna í rannsóknum á launum kynjanna, sé að alltaf sé verið að gera sömu villuna. „Það er ekki verið að margendurtaka rannsóknir, það er verið að margendurtaka sömu vitleysuna,“ segir Helgi.

Hann segir að í skýrslunni sem unnin hafi verið af aðgerðahóp um launajafnrétti komi fram að sé fólk í samvist hækki laun, einkum karla, og barneignir hækki laun sömuleiðis og einnig einkum karla. Þrátt fyrir að breyturarnar séu báðar skýrðar séu þær ekki í formúlunni fyrir kynbundinn launamun. Það eitt og sér bendi til þess að rannsóknin sé gölluð, en hann segir þessi atriði þó vera ein af mörgum.

Allar gerðir af veislum sérsniðnar að þínum þörfum



- Fermingarveislur • Brúðkaup
- Erfidrykkjur • Veitingar fyrir fundi
- Móttökur • Útskriftir



M VEISLUPJÓNUSTA
MARENTZU

www.marentza.is - 553 8872 - info@marentza.is

Vetrartilboð á kuldagöllum

Litir: Gulur og blár - grár - dökkblár - rauður

aðeins 14.500,-



Opnið 8-17 virka daga.

Dvergshöfða 27, 110 Reykjavík | www.blossi.is | blossi@blossi.is

FRAMTAK
BLOSSI ehf



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Forsetinn hífður úr sjónum

Þyrla Landhelgisgæslunnar hífði Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands, upp úr sjónum á 112-deginum sem haldinn var við tónlistarhúsið Hörpu á laugardag. Guðni var afar spenntur fyrir verkefninu,

kátur í bragði og skemmti sér vel að sögn viðstaddra.

„Guðni stóð sig eins og hetja,“ segir Sveinn Guðmarsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar.

Breyta lögum um farþega- og farmflutninga

- Lagasetning eftir hótun frá Eftirlitsstofnun EFTA

Vilhjálmur A. Kjartansson
vilhjalmur@mbl.is

Fyrir Alþingi liggur frumvarp Jóns Gunnarssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um farþegaflutninga og farmflutninga á landi og er því ætlað að tryggja og styrkja lagastoð fyrir innleiðingu fimm EES-gerða er snúa að landflutningum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að um sé að ræða reglugerðir sem, að fenginni lagastoð, verða teknar upp í landsrétt í heilu lagi.

Innleiðing þessara gerða hefur dregist samhliða drætti á afgreiðslu frumvarpa um heildarendurskoðun þeirra lagabálka sem gilda um farþega- og farmflutninga á landi. Stjórnskipulegir fyrirvarar voru gerðir við upptöku gerðanna í EES-samningnum á sínum tíma en vegna þeirra reglna sem gilda um tíma-mörk á slíkum fyrirvara hefur þeim verið aflétt. Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú tilkynnt íslenskum stjórnvöldum að verði lagastoð ekki tryggð með hraði og þessar gerðir innleiddar, auk fimm annarra af-

leiddra gerða, verði Íslandi stefnt fyrir EFTA-dómstólinn vegna nýu óinnleiddra gerða. Slík staða er sögð fordæmalaus í EFTA-samstarfinu og að hún kæmi sér afar illa fyrir íslenska ríkið.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að því að ríkið uppfylli skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum og taki þannig virkan þátt í að greiða fyrir farm- og farþegaflutningum innan innri markaðarins auk þess að tryggja sömu réttindi farþega í farþegaflutningum og innan ESB.